



Náms- og kennsluáætlun - Haustönn 2026

SAGA2HI05

Kennari	Atli Þorsteinsson, atli.thorsteinsson@fss.is Guðbjörg K. Jónatansdóttir, guðbjorg.jonatansdottir@fss.is	 
Viðtalstími	Atli föstudagar klukkan 11:25 til 12:05 á kennarastofu Guðbjörg fimmtudagur 10:10 til 10:50 á kennarastofu	
Námsefni	Allt námsefni áfangans er á kennslusíðu áfangans. Þú innritar þig í áfangann með því að nota lykilorðið „hópur#“. Slóðin á áfangann er: https://m.fss.is/course/view.php?id=243 Eina sem nemandi þarf að kaupa er sérstök glósubók fyrir þennan áfanga.	
Áfangalýsing	Áfanginn er inngangsáfangi í sögu á öðru þrepi og er skylda á Félagsvísindabraut. Nauðsynlegur undanfari fyrir alla aðra söguáfanga hvort sem þeir eru á öðru eða þriðja stigi. Viðfangsefnið eru þættir úr sögu heimsins til okkar daga. Skoðaðir verða helstu stóratburðir tímabilsins en jafnframt leitast við að öðlast innsýn í daglegt líf almennings í Evrópu. Leitast er við í áfanganum að uppfylla grunnþætti menntunar og að nemendur geti lesið fræðitexta um sitt nánasta samfélag og sögu þess. Nemendur öðlist færni og skilning á hugtökum á borð við lýðræði og mannréttindi. Nemendur þjálfast í sköpun með ýmsum verkefnum.	
Námsmat og vægi námsmatsþátta	Til að standast áfangann verða nemendur að fá a.m.k. 5 í meðaleinkunn úr kaflaprófum. Nemendur geta tekið <u>eitt próf</u> upp í stoðtíma í lok annar ef þeir stóðust ekki lágmarkskröfur. Athugið að í þessum áfanga er enginn stoðtími í lok annar til þess að vinna upp verkefni. Öllum verkefnum skal skila á réttum tíma.	
	Símatsáfangi ☒ Lokapróf ☐ Sleppikerfi ☐	
	Heiti	Vægi
	Kaflapróf	60 % (lægsta prófið dettur út)
	Vinnustofur	15 % (5 lægstu verkefnið detta út)
	Smáverkefni	15 % (10 lægstu verkefnið detta út)
	Lokakönnun í síðustu kennslustundinni	10%

Reglur áfanga	Stundvísi og mæting - Nemendur eiga að vera sestir og tilbúnir með gögnin sín (bækur, tölvu, stílabók) þegar tíminn hefst. - Ef nemandi mætir eftir að farið er að fara yfir skipulag dagsins eða innlögn, bíður hann hljóðlega þar til færi gefst á að koma sér fyrir án þess að trufla vinnu annarra. Nemandi fær fjarvist fyrir tímann eftir 10 mínútur frá því að tími hefst samkv. stundaskrá og nemandi ekki mættur - Að mæta tilbúinn þýðir líka að hafa hlaðið tölvuna heima og vera búinn að kynna sér áætlun dagsins (t.d. á Moodle). Vönduð vinnubrögð - Verkefnum skal skilað á réttum tíma í viðeigandi kerfi. Síðbúin skil án gilda ástæðna (eða læknisvottorðs) valda prósentulækkun eða að verkefnið sé aðeins metið til staðist/fallið. - Öll textagerð og heimildavinna á að vera eigin texti nemandans. Ritstuldur, óheft notkun á gervigreind án heimildaskráningar eða afritun frá samnemendum leiðir til þess að verkefnið fær falleinkunn og er vísað til stjórnenda. - Allar fullyrðingar í stærri verkefnum skulu studdar rökum eða heimildum. Frágangur á að vera snyrtilegur og fylgja þeim sniðmátum sem gefin eru upp. Gott námsumhverfi - Símar eiga að vera í töskum (eða í síma hólfi) á meðan á innlögn eða hópavinnu stendur, nema annað sé tekið fram. Tölvur eru eingöngu notaðar til að sinna verkefnum áfangans, ekki til að vafra á samfélagsmiðlum eða spila leiki. - Í umræðum (sérstaklega um flókin eða viðkvæm málefni) ræðum við hugmyndir en ráðumst ekki á persónur. Allir eiga rétt á að tjá sig án þess að á þá sé hlegið eða gert lítið úr þeim. Við hlustum þegar aðrir tala. - Við göngum vel um borð og stóla og skiljum við stofuna eins og við viljum koma að henni. Hreyfing og spjall á rétt heima í hópavinnu, en þegar unnið er að einstaklings verkefnum ríkir vinnustofu stemning (hljóð og einbeiting).
----------------------	---

Annað sem kennari vill láta koma fram	<u>Gervigreindarsáttmáli</u> 1. Gervigreind er aðstoðarmaður – ekki staðgengill • Við megum nota gervigreind til að fá hugmyndir (brainstorming), skipuleggja vinnuna, lesa yfir eigin texta og útskýra flókin hugtök. • Við leyfum gervigreindinni aldrei að skrifa heilu málsgreinarnar eða verkefnin fyrir okkur. Textinn sem við skilum á alltaf að vera okkar eigin orð og endurspegla okkar eigin skilning. 2. Við berum ábyrgð á staðreyndunum • Gervigreind á það til að skálda hluti eða misskilja samhengi (sérstaklega í sögu og heimspeki). • Við samþykkjum að treysta gervigreindinni aldrei blint. Allar staðreyndir, ártöl, nöfn og fullyrðingar verðum við að sannreyna með áreiðanlegum heimildum (svo sem kennslubókum eða viðurkenndum vefsíðum). 3. Gagnsæi og heiðarleiki • Ef gervigreind spilar stórt hlutverk í undirbúningi verkefnis, komum við hreint fram. • Við sammælumst um að geta þess í stuttri athugasemd eða neðanmálsgrein hvernig tæknin var notuð (t.d. „<i>Notast var við Gemini til að fínþússa málfar í meginmáli</i>“ eða „<i>ChatGPT var notað til að finna hugmyndir að ritgerðarefni</i>“). 4. Traust og rökstuðningur • Kennarinn treystir því að nemendur skili eigin vinnu. • Ef upp kemur rökstuddur grunur um að verkefni sé að öllu eða mestu leyti skrifað af gervigreind, á kennarinn rétt á að biðja nemandann um að útskýra efni verkefnisins og rökfærsluna á bak við það í stuttu spjalli.
---	---

Grunnþættir menntunar	Í þessum áfanga fléttast allir sex grunnþættir menntunar markvisst inn í sögukennsluna, með það að markmiði að efla skilning nemenda á samfélaginu og getu þeirra til að móta framtíðina. Lýðræði og mannréttindi ásamt jafnrétti eru rauður þráður í náminu, enda eru samfélagsgreinar kjölfesta slíkrar þekkingar. Við rýnum í þróun stjórnarfars og mannréttindabaráttu, og skoðum gagnrýnið hvernig þættir eins og kyn, stétt og þjóðerni hafa skapað mismunun eða forréttindi á ólíkum sögulegum tímum. Lögð er rík áhersla á læsi í víðum skilningi. Nemendur þjálfast í að skilja samfélag sitt á gagnrýnninn hátt með því að greina ólíkar sögulegar heimildir, skilja samhengi þeirra og meta áreiðanleika upplýsinga. Sjálfbærni er rannsökuð með því að skoða samspil manns og náttúru í gegnum aldirnar. Við greinum hvernig fyrri samfélög nýttu auðlindir og hvernig efnahags- og umhverfisþættir mótuðu lífsskilyrði. Til að styðja við heilbrigði og velferð fá nemendur tækifæri til að nálgast söguna út frá eigin styrkleikum og áhugasviði, sem hjálpar til við að byggja upp jákvæða sjálfsmynd og skilning á eigin uppruna. Að lokum er sköpun mikilvægur hluti vinnulagsins. Hún snýst um að sjá nýja möguleika í vinnslu efnisins og nýta fjölbreytta miðla og stafræna tækni til að skapa og miðla eigin þekkingu á frumlegan hátt.
-------------------------------------	--

Þekking	Leikni
Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á: - áhrifum frönsku byltingarinnar og frelsisstríðs BNA á stjórn málaþróun á 19. öld - breytingum sem hafa orðið á hugmyndum um þjóðríkið á tímabilinu - ástæðum og áhrifum sjálfstæðisbaráttu Íslendinga - ástæðum og afleiðingum heimstýrjaldanna tveggja bæði á Íslands- og mannkynssöguna - hugmyndum íhaldsstefnunnar, frjálslyndisstefnunnar og sósíalismans - orsökum og afleiðingum stofnunar Sovétríkjanna - orsökum og afleiðingum Kalda stríðsins	Nemandi skal hafa öðlast leikni í að: - vinna með staðreyndir og kenningar - beita grundvallarvinnubrögðum í heimildarýni og heimildaleit - temja sér öguð vinnubrögð og nota ýmsar aðferðir til að leysa verkefni sín
Hæfni Nemandi skal geta hagnýtt þá þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að: - setja fram skoðanir sínar í riti, ræðu eða öðru formi - geta borið saman atburði og finna orsakasambönd á milli þeirra - geta tekið þátt í umræðum um efnisþætti áfangans og færa rök fyrir skoðunum sínum	

Vinnuáætlun		
Tímasókn	16 vikur x 4 klst.	64 klst.
Undirbúningur f. tíma	16 vikur x 3 tímar x 20 mín	16 klst.
Undirbúningur f. próf	3 x 4 klst.	12 klst.
Ritgerð / Skýrsla	15 klst.	15 klst.
Alls		107 klst. = 5 ein

Kennsluvikur	Áætluð yfirferð námsefnis	Skil á verkefnum
1. vika 19.-21. ágúst	Kennslustund 1: Kennslustund 2:	Ýmiss verkefni
2. vika 24.-28. ágúst	Kennslustund 3: Upphaf iðnbyltingar í Evrópu Kennslustund 4: Þjóðflutningar Kennslustund 5: Stjórnmalastefnur Kennslustund 6: Þjóðernisstefna	Ýmiss verkefni
3. vika 31. ágúst-4. september	Kennslustund 7: Upprifjun og könnun 1 Kennslustund 8: Upphaf heimsvaldastefnunnar Kennslustund 9: Heimsvaldastefnan í Afríku Kennslustund 10: Heimsvaldastefnan í Asíu	Ýmiss verkefni Könnun 1
4. vika 7.-11. september	Kennslustund 11: Heimsvaldastefnan í S-Ameríku og Eyjaálfu Kennslustund 12: Upprifjun og könnun 2 Kennslustund 13: Aðdragandi fyrri heimsstyrjaldar Kennslustund 14: Styrjöldin skellur á	Ýmiss verkefni Könnun 2
5. vika 14.-18. september	Kennslustund 15: Lok fyrri heimsstyrjaldarinnar Kennslustund 16: Upprifjun og könnun 3 Kennslustund 17: Rússland á keisaratímanum Kennslustund 18: Rússneska byltingin	Ýmiss verkefni Könnun 3
6. vika 21.-25. september	Kennslustund 19: Valdatími Stalíns Kennslustund 20: Upprifjun og könnun 4 Kennslustund 21: Villta vestrið og borgarastyrjöldin Kennslustund 22: Iðnvæðing Bandaríkjanna	Ýmiss verkefni Könnun 4
7. vika 28. september-2. október	Kennslustund 23: Efnahagsveldi og verðbréfafurun Kennslustund 24: Upprifjun og könnun 5 Kennslustund 25: Fasismi á Ítalíu Kennslustund 26: Nasismi í Þýskalandi 1	Ýmiss verkefni Könnun 5
8. vika 5.-9. október	Kennslustund 27: Nasismi í Þýskalandi 2 Kennslustund 28: Upprifjun og könnun 6 Kennslustund 29: Aðdragandi seinni heimsstyrjaldar Kennslustund 30: Borgarastyrjöld á Spáni og innrásin í Pólland	Ýmiss verkefni Könnun 6
9. vika 12.-16. október <i>Námsmatsdagur 12. okt. Miðannarmat 13. okt.</i>	Kennslustund 31: Fyrri hluti stríðsins Kennslustund 32: Bandaríkin, Sovétríkin og Japan dragast inn í stríðið Kennslustund 33: Night and the fog Kennslustund 34: Endalok stríðsins og stríðsglæpir	Ýmiss verkefni
10. vika 19.-23. október <i>Vetrarleyfi 23. október</i>	Kennslustund 35: Ýmiss verkefni um WW2 Kennslustund 36: Ísland hernumið Kennslustund 37: Hernámsárin á Íslandi Kennslustund 38: Upprifjun og könnun 7	Ýmiss verkefni Könnun 7
11. vika 26.-30. október <i>Vetrarleyfi 26. október</i>	Kennslustund 39: Kalda stríðið skellur á Kennslustund 40: Járntjald fellur á Evrópu Kennslustund 41: Sovétríkin og Austur Evrópa Kennslustund 42: Kúbudeilan og ógnarjafnvægi	Ýmiss verkefni

Virðing, samvinna og árangur

12. vika 2.-6. nóvember	Kennslustund 43: Endalok kalda stríðsins Kennslustund 44: Upprifjun og könnun 8 Kennslustund 45: Bandaríkin frá 1945 til 1968 Kennslustund 46: Bandaríkin frá 1968 til 2000	Ýmiss verkefni Könnun 8
13. vika 9.-13. nóvember	Kennslustund 47: Ýmiss verkefni úr sögu Bandaríkjanna Kennslustund 48: Upprifjun og könnun 9 Kennslustund 49: Síðustu ár Stalíns Kennslustund 50: Valdatími Krjútsjovs	Ýmiss verkefni Könnun 9
14. vika 16.-20. nóvember	Kennslustund 51: Valdaskið Brjesnevs Kennslustund 52: Valdatími Gorbatsjovs Kennslustund 53: Sovétríkin liðast í sundur Kennslustund 54: Upprifjun og könnun 10	Ýmiss verkefni Könnun 10
15. vika 23.-27. nóvember <i>Dimissio 27. nóvember</i>	Kennslustund 55: Vestur Evrópa eftir 1945 Kennslustund 56: Austur Evrópa eftir 1945 Kennslustund 57: Upprifjun og könnun 11 Kennslustund 58: Japan eftir 1945	Ýmiss verkefni Könnun 11
16. vika 30. nóvember-4. desember	Kennslustund 59: Sjálfstæðisbarátta nýlendna Kennslustund 60: Afríka Kennslustund 61: Asía Kennslustund 62: Mið austurlönd Kennslustund 63: Upprifjun og könnun 12 Kennslustund 64: Lokakönnun	Ýmiss verkefni Könnun 12 Lokakönnun

Með fyrirvara um breytingar og von um gott samstarf

Atli og Guðbjörg